



Fundargerð. ***Stjórnarfundar nr. 38.***

Stjórnarfundur Norðurár bs., haldinn að Hótel Varmahlíð föstudaginn 19. nóvember 2010 kl:12:00.

Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson, Vignir Kjartansson og Eiður Guðmundsson. Einnig var á fundinum Kristinn Magnússon frá Verkfræðistofu Norðurlands ehf.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Verkstaða í Stekkjarvík.
3. Fjárhagsstaða.
4. Starfsumsóknir.
5. Kaup á sorptroðara.
6. Tryggingar félagsins..
7. Önnur mál.

Magnús Jónsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð stjórnarfundar nr. 37 undirrituð formlega og samþykkt.

2. Verkstaða í Stekkjarvík

Kristinn fór yfir stöðu framkvæmda í Stekkjarvík. Urðunar holan er kominn í fulla dýpt. Næsta verk er að leggja dúkinn á tvær hliðar holunar og ganga frá lögnum í botni, en búið er að ganga frá frárennsliskerfinu sjálfu sem botnkerfið tengist í. Ákveðið var að steypa undir vogina svo hægt væri að setja hana niður og verður vegin tengd í næstu viku. Ekki er búið að malbika planið sjálft og hugsanlega verður því frestað fram á vorið.

Framkvæmdir við Nedribyggðarveg eru langt komnar en slitlagið vantar.

Byrjað er að girða búfjargirðinguna í kringum holuna en því verki er ekki lokið.

Framkvæmdum við húsið miðar nokkuð vel en verið er að ganga frá því að innanverðu en búið er að smíða innréttingar. Ákveðið var að fresta múrhúðun þess að utan og málningarvinnu til vors.

Að óbreyttu verður urðunarstaðurinn tilbúinn til notkunar í desember þó einhver frágangur verði ennþá eftir á einstaka verkþáttum. Von er á útgáfu starfsleyfis um eða í kringum mánaðarmótin.

Kristni falið að fara yfir skiladagsetningar á einstaka verkþáttum sem eftir eru, verktryggingar og uppgjör á ófrágengnum verkþáttum við bæði urðunarstaðinn sjálfan og húsið.



3. Fjárhagsstaðan.

Lögð fram samantekt dagsett 18. nóvember um rekstarkostnað og fjárfestingu árið 2010. Í heildina litið er reksturinn og þær fjárfestingar sem gerðar hafa verið samkvæmt áætlun.

4. Starfsumsóknir

Samtals bárust 12 umsóknir um starf hjá Norðurá vegna vinnu á urðunarstaðnum í Stekkjarvík. Magnús og Vignir lýstu vanhæfi sínu til að fjalla um einstakar umsóknir vegna vensla við umsækjendur.

Farið var yfir umsóknirnar og þær bornar saman og lagt til að fjórir eða fimm aðilar verði boðaðir í viðtal. Jafnframt ákveðið að fá aðstoð frá Capacent við úrvinnslu umsókna og að Einar og Eiður verði fulltrúar stjórnar í þeirri vinnu. Magnúsi falið að hafa samband við Capacent og semja um verð fyrir aðstoðina.

5. Kaup á sorptroðara

Fyrir liggur mat Jóns A. Sæbjörnssonar hjá Vélsmiðju Alla á þeim sorptroðurum sem OK-gámaþjónusta og Gámaþjónustan buðu til sölu þegar auglýst var eftir sorptroðara. Með hliðsjón af þeirri samantekt og þeim tilboðum sem fyrir lágu var ákveðið að taka tilboði Gámaþjónustunnar dagsett 16. október 2010 og kaupa tvo troðara á 9,9 milljónir án vsk.

6. Tryggingar félagsins

Tryggingar félagsins voru boðnar út og bárust tvö tilboð í þær. Annars vegar frá Tryggingamiðstöðinni hf. að upphæð 438.297 kr. og hins vegar frá Sjóvá-Almennar tryggingar hf. að upphæð 257.414 kr. Ákveðið að ganga að tilboði Sjóvá og samningur um váttryggingarviðskipi dagsettur 18. nóvember þar um samþykktur.

7. Önnur mál

Rætt um fyrirhugaða flokkun á sorpi og hvað mætti urða í Stekkjarvík og hvað ekki samkvæmt leigusamningi og fyrirhugðu starfsleyfi. Koma þarf leiðbeiningum til sveitarfélaganna. Magnúsi falið að hafa samband við Gunnar Svavarsson hjá Eflu en hann er að vinna að undirbúningi skráninga- og flokkunarkerfis vegna Urðunarstaðarins í Stekkjarvík.

Fundi slitið kl. 14:30

Magnús B. Jónsson

Einar E Einarsson

Eiður Guðmundsson

Vignir Kjartansson